

# Samþykkt fyrir Tónlistarmiðstöð Austurlands

## 1. grein - Um miðstöðina

Stofnunin heitir Tónlistarmiðstöð Austurlands kt. 671202-3250. Starfssvæði hennar er Austurland. Heimili miðstöðvarinnar og varnarþing er að Hafnargötu 2, 730 Reyðarfirði, Fjarðabyggð. Fjarðabyggð getur ein haft aðild að Tónlistarmiðstöðvar Austurlands.

## 2. grein - Hlutverk

Tónlistarmiðstöð Austurlands er starfsrækt í Fjarðabyggð og stuðlar að öflugu tónlistarlífi á Austurlandi.

## 3. grein - Stjórn

Stjórn ber ábyrgð á að unnið sé samkvæmt stefnu og markmiðum Tónlistarmiðstöðvar og að unnið sé samkvæmt samþykktum þessum.

Stjórn félagsins er skipuð þremur aðalfulltrúum og þremur til vara skipuðum af menningar- og nýsköpunarnefnd Fjarðabyggðar sem jafnframt skiptir verkum stjórnar.

Stjórn er heimilt að semja um bókhaldsþjónustu við utanaðkomandi aðila.

Stjórn er heimilt að ráða starfsmann og veita honum prókúru.

Stjórn hefur heimild til að skuldbinda félagið, innan þess ramma sem fjárhagsáætlun leyfir.

## 4. grein - Fundarhöld

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda og stýrir þeim. Stjórn hittist eins oft og þurfa þykir. Einnig skal halda stjórnarfundi þegar fram hefur komið krafa um það frá öðrum stjórnarmönnum. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundi. Stjórnin skal halda fundargerðarbók um meginatriði þess sem gert er og ákveðið er á fundum. Skulu stjórnarmenn undirrita fundargerðir. Forstöðumaður menningarstofu Fjarðabyggðar á seturétt á stjórnarfundum með málfrelsis- og tillögurétt og framfylgir ákvörðunum stjórnar.

## 5. grein - aðalfundur

Aðalfundur skal vera opin almenningi og haldinn fyrir lok maí ár hvert og ræður meirihluti atkvæða um ákvarðanir aðalfundar. Boða skal til aðalfundar með a.m.k. viku fyrirvara.

A. Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.

B. Leggja skal fram ársskýrslu fyrir liðið starfsár

- C. Ársreikningur ásamt athugasemdum endurskoðenda/skoðunarmanna skal lagður fram til samþykktar.
- D. Leggja skal fram starfs- og fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár.
- E. Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.
- F. Breytingar á samþykktum sem lagðar eru fram a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir aðalfund.
- G. Önnur mál löglega upp borin.

Rétt til setu á aðalfundi eiga fulltrúar tilnefndir af menningar- og nýsköpunarnefnd Fjarðabyggðar ásamt bæjarstjóra Fjarðabyggðar og forstöðumanni Menningarstofu Fjarðabyggðar eða staðgenglar þeirra.

#### 6. grein - slit félagsins

Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Aðalfundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda. Við slit má eignum einungis ráðstafað í þágu almannaheilla.

#### 7. grein - fjármál

Starfstímabil tónlistarmiðstöðvarinnar er almanaksárið. Tekjur Tónlistarmiðstöðvar Austurlands eru framlög og styrkir frá stofnunum, fyrirtækjum og ýmsum öðrum aðilum.

#### 8. grein - endurskoðun

Samþykkt þessi var samþykkt á aðalfundi Tónlistarmiðstöðvar Austurlands 15. janúar 2020. Um leið fellur úr gildi fyrri samþykkt.

Fjarðabyggð 15. janúar 2020

